

Vísindaferð VAFRÍ til Þingvalla 2015

Minnispunktar

Þann 8. Október 2015 fóru 29 meðlimir VAFRÍ og heimsóttu Þingvallasvæðið undir leiðsögn Einars Sæmundssen, fræðslufulltrúa Þingvallapjóðgarðar, Hólmfríðar Sigurðardóttur, umhverfisstjóra Orkuveitu Reykjavíkur og Birgi Þórðarsonar, fyrrverandi heilbrigðisfulltrúa á Suðurlandi. Hér koma nokkrir minnispunktar úr ferðinni.

Þingvallapjóðgarður

Hreinsivirkið fyrir Þjónustumiðstöðina Hakið var hannað 2009-2010. Virkið tekur við frárennsli úr vöskum, klósettum og fimm vatnslausum pissuskálum. Fjögurra hólfa Kessel stöð frá Þýskalandi (umboðsaðili Tengill í Kópavogi) var valin. Stöðin veitir annars stigs hreinsun með „activated sludge“ aðferðinni: Fyrst eru botnfallanleg efni felld út, og svo er vatninu dælt í loftunartank, þar sem fer fram líffræðileg hreinsun fyrir tilstuðlan örvera. Að lokum er vatnið losað í siturbrunn með vikri. Nánari upplýsingar má finna um þessa tækni á vefsíðu framleiðanda, t.d.

<http://www.kessel.com/service/drainage-encyclopedia/function-principle-inno-clean.html>).

Stöðin var lögð í jörðu á 6 m dýpi. Jarðvinna var mjög erfið, það þurfti að sprengja upp hraunið sem var harðara þeim mun dýpra sem farið var niður. 30% aukning hefur verið á hverju ári í ferðamannastraumi eftir að stöðin var byggð. Stöðin er of lítil til þess að taka við núverandi álagi, sem er mjög sveiflukennt yfir daginn með miklum púlsi milli 10-11 og svo aftur seinni partinn. Eftirlitsmælingar á fyrsta ári gáfu til kynna að virkni stöðvarinnar féll niður á veturna þegar kólnaði. Í dag kemur vikulega bíll og tæmir þrær á ýmsum stöðum í þjóðgarðinum. Félagsmenn ræddu í heimsókninni tækifæri í því að minnka vatnsnotkun í vöskum, safna hlandi beint úr pissuskálum og aftengja vaska frá hreinsivirki, til þess að minnka álag á það.

Mikil aukning hefur orðið á köfunarferðum í Silfru síðastliðin ár. Nú er búið að setja upp klósettaðstöðu fyrir kafara. Öllu vatni er safnað saman og keyrt í burtu. Einnig stendur til að bæta við klósettum við bílastæði. Þetta skapar tækifæri til þess að prófa óhefðbundnar klósettlausnir kynntar á málþingi VAFRÍ 8. maí 2015.

Jarðlög í kringum vatnið og innan þjóðgarðar eru mjög misgóð til þess að taka við skólpi. Við norðurenda vatnsins er að jafnaði lítil jarðvegur og stutt í gropin hraunlaug sem henta illa sem skólpiðtakar. Frávik frá þessu eru tjaldsvæðin og þjónustuhús við Almannagjá sem liggja á jarðvegspúða sem tekur betur við skólpi. Meiri jarðvegur er til staðar við suðurenda vatnsins. Einar Sæmundsen benti á mikilvægi þess að taka tillit til jarðvegsaðstæðna við kröfur um skólphreinsun.

Vatnsveitur í þjóðgarðinum eru í mismunandi borholum. Það stendur til að færa borholuna við Hakið fjær húsakynnum. Í sumarbústaðabyggð við Kárastaði eru borholur og rotþrær við hvern bústað og því möguleiki á kross mengun. Aðgengi að sumarhúsum við strandlínuna er þannig að ekki er hægt að koma fyrir dælubíl. Þetta hamlar reglubundna tæmingu á rotþróum.

Nesjavallavirkjun og ION hótél

Mikið af heitu vatni hefur verið losað á yfirborði yfir sumarmánuði við Nesjavallavirkjun, þegar minni eftirspurn er eftir heitu vatni frá virkjuninni til upphitunar á höfuðborgarsvæðinu en að vetrarlagi. Orkuveita Reykjavíkur hefur verið að innleiða nýtt ferli sem felur í sér að dæla vatninu aftur niður m.a. í jarðhitageyminn til að draga úr varmamengun í lindum við Þingvallavatn. Einnig hefur Orkuveitan nýlega rifið forstjórabústað við Þingvallavatn vegna vatnsverndarsjónarmiða en bústaðurinn stóð í næsta nágrenni við stærsta vatnsból landsins við Grámel. Tíu sumarbústaðir standa á landi Orkuveitunnar á Nesjavallajörðinni og á beinu áhrifasvæðum virkjunarinnar. Það er stefna fyrirtækisins að þessir bústaðir muni einnig víkja með tímanum vegna vatnsverndarsjónarmiða. Fimm safnþrær eru á virkjunarsvæði Orkuveitunnar á Nesjavöllum, þar af eru fjórar við virkjunina og ein við Grámel. Sjálfvirk hreinsistöð er við starfsmannahús virkjunarinnar. Allt fast efni og seyra er flutt burt af svæðinu til förgunar þegar safnþrærnar eru tæmdar.

Ion hótél var hannað til þess að vera umhverfisvænt og hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir umhverfishönnun. Hótelið er vinsæll ferðamannastaður bæði á sumri og veturna, en þar gefst færi að sjá norðurljósín. Birgir Þórðarson hefur ritað minnisblað um fráveituframkvæmdir við hótelið sem er birt á vefsíðu VAFRÍ.

Fráveitu áskoranir við aðra náttúruperlu, Mývatn

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, fulltrúi frá Skútustaðahreppi, upplýsti um stöðu mála við Mývatn og þær áskoranir sem sveitafélagið stendur fyrir. Beðið er niðurstöðu mælinga og efnagreininga á ástandi vatnsins. Sterkur vilji er meðal íbúa á svæðinu að viðhalda lífríki vatnsins. Augum hefur verið beint að úrlausnum á skólpi og svo landbúnaði. Nýleg úttekt Verkfræðistofunnar Eflu gefur til kynna að kostnaður við að hreinsa skólpið í þorpinu við Mývatn væri um 150 mkr. Heildarkostnaður fyrir allt 400 manna sveitafélagið væri að stærðargráðunni hálfur milljarður. Hægt er að leita mismunandi leiða til þess að greiða fyrir slíka framkvæmd. Áskoranirnar virðist helst vera þær að það er óljóst hversu mikla hreinsun tæknilausnin myndi veita fyrir aðstæður við Mývatn og hver áhrif skólphreinsunarinnar myndi hafa á lífríki.

Hrund Andradóttir

Formaður VAFRÍ

9. október 2015